

- 117 við björgunarsveit, aðalslökkvistöð, sjúkrahús og aðrar slíkar stöðvar vallarins. Verði
9. okt. flugslys eða annað neyðarástand á flugvellinum, skal flugturninn senda út slysa-
boð, og skal hver stöð gera það, sem fyrir hana er lagt samkvæmt þeim reglum, sem
ákveðnar eru fyrir neyðarástand

Flugturninum er óheimilt að veita öðrum en þeim aðilum, sem málið beinlínis
varðar, upplýsingar um slys. Berist flugturninum tilkynning um flugslys í síma, skal
hann leitast við að fá upplýsingar um nafn þess, er tilkynninguna gaf, símanúmer
hans, hvenær og hvar slysið skeði, hvers konar slys sé um að ræða, hvers konar
neyðarhjálp sé nauðsynleg og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skal hann
strax tilkynna hlutaðeigandi aðilum um slysið.

Nánari fyrirmæli um öryggi á Keflavíkurflugvelli skulu sett í samræmi við al-
mennar reglur.

7. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10 000.00 krónum, varðhaldi
eða fangelsi, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og
lögum nr. 95 28. desember 1946, um, að ákvæði sammings frá 7. október 1946, við
Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. október 1948.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

- 118 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og gjafasjóð Hrauns-
15. okt. kirkju í Strandaprestakalli í Dýrafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af
dómsmálaráðherra 15. október 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og gjafasjóð Hrauskirkju í Sandaprestakalli í Dýrafirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf til minningar um hjónin Guðbjörgu
Bjarnadóttur og Guðmund Guðmundsson, áður húsbændur á Arnarnúpi í Hrauns-
sókn, en stofnféð er frá börnum og fósturbörnum þeirra hjóna.

2. gr.

Sjóðurinn tekur ávallt á móti styrktarfé, eins og að framan greinir, kirkjunni
til fjárhagslegrar aðstoðar, frá hverjum þeim, sem styðja vill að því, að Hrauns-
kirkja megi hér eftir, sem hingað til, standa í Keldudal, sókninni til verðugs vegs-
auka, hennar höfuðprýði og fornhelgur menningarvottur.

3. gr.

Starfsemi sjóðsins er á þessa leið: Eftir að ársvextir nema kr. 150.00, gangi tveir
þriðju hlutar ársvaxtanna til ársparfa kirkjunnar, eftir því sem með þarf, en hinn

hlutinn sé lagður við höfuðstól sjóðsins ásamt öðru því fé, er sjóðnum kann að berast. **118**
15. okt.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má skerða, ef með þarf, um það sem hann fer yfir kr. 6000.00, til þess að endurbyggja kirkjuna, sjá henni fyrir góðu hljóðfæri og afla henni þeirra hluta, sem kirkjur þurfa að eiga, svo og prýða kirkjuna að öllu útliti, ef ástæður leyfa, svo hún megi verða sem virðulegastur helgidómur safnaðarins.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í hinum almenna kirkjusjóði Íslands, en sóknarnefnd Hraunssóknar hefur á hendi stjórn sjóðsins með yfirumsjón forráðamanna kirkjunnar, eins og kirkjulöggjöfin mælir fyrir um.

6. gr.

Við kirkjuna skal hafa bók, er í ber að skrá ársreikninga sjóðsins og alla fjárstyrki, er sjóðnum kann að berast, á nafn gefenda með árs- og dagsetningu, ásamt greinargerð fyrir styrkveitingunni, eftir því sem ástæður eru til og óskað er eftir.

7. gr.

Þótt byggðarlag Hraunssóknar fari að öllu í eyði um lengri tíma, verður þessi sjóður óvæfengjanlegur að teljast Hraunskirkju safnarsjóður. Þeim eignarrétti sóknarinnar til sjóðsins má aldrei breyta.

Í framangreindri aðstöðu skal ávaxta sjóðinn áfram, þar til byggðarlag Hraunssóknar byggist að einhverju leyti að nýju, en þá tekur sjóðurinn til þess starfs, sem honum var í upphafi ætlað, eftir því sem söfnuðurinn tekur ákvörðun um.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins.

Kirkjubóli, 1. maí 1947.

Bjarni M. Guðmundsson.

REIKNINGUR

119

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thoru Melsted árið 1947.

T e k j u r :

1. Frá f. ári: Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 1767.68
2. Vextir	— 84.81

Kr. 1852.49

G j ö l d :

Eign í árslok:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 1852.49

Kr. 1852.49

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.